

Staður Línuhönnun Suðurlandsbraut 14 Kl 13.00 (Fundur nr 86 ef aðalfundur var nr 85)

Mættir: Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Björn Halldórsson og Úlfar Haraldsson

1. GTÓ bauð alla velkomna á fyrsta fund hjá nýrri stjórn. Fyrsta verk var að útteila verkefnum. GTÓ stakk upp á ÚH sem ritara sem samþykkt var einróma. Ákveðið var að heyra í Rögnum hvort hún mundi ekki starfa áfram sem gjaldkeri Fenur.
2. GTÓ talaði um aðalfund ISWA sem haldin verður 1.-5. október næstkomandi og minntist hann á að Fenur þyrfti að kynna sér uppsetninguna á ráðstefnunni og þátttökugjald með það í huga að Fenur myndi gera haustferð í kringum ráðstefnuna. BH sagði að hann væri búin að hafa samband við Ramböl um að vera Fenur innan handar með skipulagningu á skoðunarferðum. Markmið ferðarinnar ætti að vera ISWA fyrir þá sem vilja sitja ráðstefnu og svo tækjaskoðun, t.d í tengslum við gasgerð, jarðgerð o.fl. HJB var að spá í hvað færi fram þessa daga í samhengi við það hvenær eigi að ferðast og jafnframt að það þyrfti að skipuleggja styttri skoðunarferðir. BH sagðist ætla að komast að því hvernig dagskráin væri, jafnframt ætlaði hann að athuga með hótél og flug. Tímamörk til að auglýsa fyrirhugaða ferð var ákveðin um miðjan júní.
3. ÖNNUR MÁL
 - GTÓ talaði um að það þyrfti að koma á 3 manna stjórn til að endurskoða hlutverk ráðgjafastjórnar. BH nefndi að réttast væri að einn úr stofnendahópnum væri í nefndinni og var nafn Gunnars Bragasonar nefnt í því samhengi. BH talaði um að boða Guðmund Friðriksson og Hjaltu Guðmundsson á Fenur fund til að sjá hvort áhugi væri fyrir því hjá þeim að starfrækja vinnuhópa í tengslum við Fenur. HJB talaði um að það þyrfti að virkja tæknimenn sveitarfélaga meira í félaginu. GTÓ telur æskilegt að fulltrúi frá úrvinnslusjóði tengdist Fenúr betur.
 - Fenur-merkin: GTÓ gerði nýjan samning við BROS.
 - Umbúðapappamerkin: Það var ósk um að gera sér merki fyrir pakka og þess háttar í stað þess að nota eingöngu Fenur merkið.
 - BH sagði frá norskri rannsókn á sorpi og sagðist hann jafnframt vera búin að panta eintak af henni til landsins og spurði í leiðinni hvort það gæti verið sniðugt að fá Fenur til að þýða skýrsluna og sjá hvort það væri áhugi á svipaðri rannsókn hér á landi. HJB sagðist ætla að kanna Zen-staðal skýrslu sem gerð var hér á landi.
 - BH sagði að hann væri að fara á aðalfund NAF í Færeyjum 8.-9. júní.

Næsti fundartími ákveðin 17. maí kl 14.00 Austurvogi 56, Selfoss
Fundu slitið 14.20

ÚH